

Starfsáætlun Álfaborgar



Skólaárið 2025-2026


Efnisyfirlit

Um skólann.....	4
Umhyggja.....	4
Virðing.....	4
Metnaður.....	5
Gleði.....	5
Uppbyggingarstefnan – uppeldi til ábyrgðar.....	5
Barnaheill – Blær.....	5
Frjáls leikur	6
Starfsmannamál:	6
Lögbundið hlutfall menntaðra kennara.....	6
Stöðugildi.....	6
Starfsfólk skólans.....	7
Hlutverk sérkennara, iðjupjálfa og tengilið farsældar.....	7
Sérkennari.....	7
Iðjupjálfi.....	7
Tengiliður farsældar.....	8
Skipulag:.....	8
Leikskóladagatal.....	8
Helstu dagsetningar.....	9
Sumarlokun 2026.....	9
Mat og úrbætur:.....	9
Skólapúlsinn.....	9
Foreldrasamtöl.....	9
Starfsmannaviðtöl.....	9
Skráningar kennara.....	10
Skimanir á börnum.....	10
Innra mat.....	10

Ytra mat.....	11
Nefndir og ráð:.....	11
Skólaráð/foreldraráð.....	11
Foreldrafélag.....	12
Skólanefnd.....	12
Öryggisnefnd.....	13
Samstarf við grenndarsamfélagið:.....	13
Samstarf við Valsárskóla.....	13
Samstarf við fræðslusvið, velferðasvið og aðra stoðþjónustu.....	14
Slökkvilið.....	14
Lögregla.....	14
Tónlistarskóli Akureyrar.....	14
Símenntun og starfsþróun:.....	14
Leikskólastjóri.....	15
Deildarstjóri.....	15
Hópstjórar, kennarar og leiðbeinendur.....	15
Námskeið/Hópefli.....	16
Helstu verkefni 2025-2026.....	16

Um skólann

Leikskólinn Álfaborg er á Svalbarðseyri og er rekinn af Svalbarðsstrandarhrepp. Skólinn hefur starfað frá árinu 1993 og varð því 32 ára í mars síðastliðnum. Skólastjóri Álfaborgar er Guðrún Hallfríður Björnsdóttir en hún tók við starfinu 1. apríl 2025. Álfaborg er á Svalbarðseyri, í 12 km. fjarlægð frá Akureyri. Einkunnarorð skólans eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði. Einkunnarorðin eiga að endurspegla allt skólastarfið og öll samskipti.



Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á Uppbyggingarstefnuna - Uppeldi til ábyrgðar, Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær, frjálsan leik og flæði í dagskipulagi.

Einkunnarorð skólans eru: umhyggja, virðing, metnaður og gleði.

Umhyggja

Við leggjum áherslu á að allir sem starfa við Álfaborg og Valsárskóla sýni umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa. Við sköpum öruggt tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika í anda Uppbyggingarstefnunnar. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

Virðing

Í Álfaborg og Valsárskóla mætum við ávallt hvort öðru með virðingu, þó að við séum ólík, af ólíkum uppruna, með mismunandi skoðanir og í ólíkum hlutverkum. Við erum öll mikilvæg og nám okkar og störf skipta máli. Við sýnum umhverfi, efnivið, verkum og eigum okkar og annarra virðingu. Við temjum okkur að tala ávallt vel um annað fólk og okkur sjálf.

Metnaður

Í Álfaborg og Valsárskóla leggjum við áherslu á að allir geri ávallt sitt besta og séu virkir í námi og starfi. Markið er sett hátt og við höfum trú hvert á öðru. Við styðjumst við eðlislæga forvitni og uppgötvunarnám, við erum víðsýn í vali á náms- og kennsluaðferðum. Nemendur og starfsfólk styðja hvert annað til að allir nái góðum árangri. Lögð er áhersla á framfarir í samræmi við eigin forsendur. Við þurfum ekki að vera best en við gerum ávallt okkar besta.

Gleði

Í Álfaborg og Valsárskóla ríkir gleðin í daglegu amstri, jafnt í vinnu sem leik. Gleðin endurspeglast í samskiptum sem einkennast af vinskapi, umburðarlyndi og friðsemd. Við leggjum okkur fram við að vera jákvæð gagnvart verkefnum og horfa á björtu hliðarnar. Við höfum alltaf val um hvernig við ætlum að takast á við aðstæður og hvaða viðhorf við tileinkum okkur til annarra. Við höfum gleðina að leiðarljósi en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að aðstæður eru misjafnar og við ólík - öll getum við átt erfiðan dag.

Uppbyggingarstefnan - Uppeldi til ábyrgðar

Í báðum skólum er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni - Uppeldi til ábyrgðar . Uppbygging sjálfsaga er sú stefna sem felur í sér að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Auk þess er áhersla á að þau læri af mistökum sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta- og aga málum. Stefnan er okkar helsta verkfæri til að vinna með börnin og lesa má nánar um stefnuna [Hér](#)

Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær

Blær er forvarnaverkefni gegn einelti og er ætlað fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið kemur frá Danmörku og heitir á frummálinu „Fri for mobberi“. Markmið verkefnisins er að efla börn að vera góður félagi, sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum má fyrirbyggja einelti. Grundvöllur þess að vel takist til skiptir þáttaka allra í leikskólanum og skólanum miklu máli, þ.e. barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Við vinnum ávallt

eftir okkar bestu getu með öll þau verkfæri sem við höfum auk þess að við lærum alltaf eitthvað nýtt á hverju ári. Við munum halda áfram að læra á Blæ og þau verkefni sem tengjast honum.

Frjáls leikur

Við leggjum upp með að hafa góðan tíma og gott rými fyrir flæði og frjálsan leik. Leikurinn er einn af náms- og þroskaleiðum barns og á að vera sjálfsprottinn og skapandi. Í gegnum leikinn æfast börnin í félagslegum reglum, samskiptum, viðeigandi hegðun og efla þroska. Allir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á leikinn og hann þróast í samræmi við það. Til að ýta undir frjálsa leikinn er lögð áhersla á flæði í dagskipulaginu og börnin fá að stjórna betur eigin tíma, leikurinn endar þegar þau eru tilbúin í stað þess að klukkan stjórn.

Starfsmannamál

Lögbundið hlutfall menntaðra kennara í leikskóla:

„Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.“
Þ.e. að minnst 2/3 hlutar starfsfólksins sem sinnir kennslu, umönnun og uppeldi skuli hafa leyfisbréf sem kennari” Álfaborg uppfyllir ekki viðmiðin en 6 af 13 starfsmönnum hafa leyfisbréf. Ef skólastjóri er talinn með þá eru 7 af 13 með leyfisbréf. Í leikskólanum er einn starfsmaður með B.ed gráðu án leyfisbréfs og einn stúdent. Aðrir hafa ekki menntun tengda uppeldisfræði. Þetta þýðir að við erum að nálgast viðmiðin og erum með tæp 50% menntaðra kennara með leyfisbréf.

Stöðugildi

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlaður 10.1 inn á deildir, 0.5 í sérkennslu, 1 í stuðning, 0.5 í iðjupjálfun og farsæld auk 1.0 í eldhúsi.

Heildarfjöldi starfsmanna er áætlaður 13 inn á deildir yfir daginn, s.s. allar stöður óháð % hlutfalli. Auk þess er starfsmaður í eldhúsi og leikskólastjóri sem gera 15 starfsmenn sem starfa í leikskólanum.

Starfsfólk skólans eru:

Bryndís Hafpórsdóttir, deildarstjóri/leikskólakennari

Elísabet Baldursdóttir, leiðbeinandi

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, leikskólastjóri, leikskólakennari

Hanna Dóra Ingadóttir, leiðbeinandi

Hjördís Valtýsdóttir, leiðbeinandi

Íris Axelsdóttir, deildarstjóri, B.ed í leikskólakennarafræðum

Katrín Podlech leiðbeinandi

Kamila Sylwia Cioko-Borkowska, leikskólakennari

Liliia Seleznova. Starfsmaður í móttöku eldhúsi

Rannveig Karlsdóttir sérkennari, grunnskólakennari og meistaragráðu í þjóðfræði

Sandra Ósk Guðlaugsdóttir, leiðbeinandi

Sigríður Guðmundsdóttir, deildarstjóri, leikskólakennari

Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir, løjupjálfi og tengiliður farsældar

Sigurbjörg Ósk Jónsdóttir, leikskólakennari

Tómas Ingi Jónsson, umsjónarmaður fasteigna

Hlutverk sérkennara, løjupjálfa og tengilið farsældar

Sérkennari

Í september síðastliðnum var ráðinn sérkennari en meginhlutverk hans er stuðla að velferð og vellíðan nemenda með sértækum úrræðum og stuðningi við nám þeirra, auk þess að skipuleggja skólastarf og vera faglegur ráðgjafi. Sérkennari starfar í samstarfi við skólastjóra, løjupjálfa og kennara að málum einstakra nemenda til að efla nám þeirra og líðan. Sérkennari mun bera ábyrgð á að gögn, s.s. skimanir, gátlistar og slíkt fari til Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar. Með ráðningu sérkennara munum við efla þennan þátt í skólastarfinu sem og hafa betra utanumhald, yfirsýn og nákvæmnisvinnu sem tengjast þessum málum.

Tengiliður farsældar og løjupjálfi

Løjupjálfi í leik- og grunnskóla notar heildræna nálgun í starfi með börnum og er sérfræðingur í løjju. Løjupjálfi kemur m.a. að hreyfigetu, sjálfstjórn, fín- og grófhreyfingum og skynúrvinnslu barna. Løjupjálfi sinnir mati og íhlutun nemenda og veitir ráðgjöf til foreldra, kennara og stjórnenda. Løjupjálfi vinnur í samvinnu við barn, foreldra og aðra fagaðila sem koma að málefnum barnsins. Løjupjálfi starfar einnig sem tengiliður farsældar fyrir leikskólann Álfaborg.

Farsæld barna eru aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná:

- Líkamlegum þroska
- Sálrænum þroska
- Vitsmunalegum þroska
- Siðferðilegum þroska
- Félagslegum þroska

á eigin forsendum til framtíðar.

Við munum halda áfram að njóta þeirra frábæru þjónustu iðjupjálfa og tengilið farsældar. Hún bendir á, leiðbeinir og aðstoðar börn og starfsmenn á deildum með þau verkefni sem þarf að vinna með. Nauðsynlegur starfskraftur sem ætti að vera í öllum skólum landsins. Meira er hægt að lesa um tengilið farsældar [hér](#) Við erum einnig spennt að þróa sérkennsluna okkar og bæta okkar flotta hóp.

Skipulag

Leikskóladagatal

Leikskóladagatalið má sjá hér að neðan og biðjum við alla sem að því koma að lesa vandlega og kynna sér þá daga sem skólinn er lokaður. Bláir reitir eru dagar sem skólinn er lokaður vegna styttingar sem er uppsöfnuð. Grænir reitir eru starfsdagar sem eru lögbundnir.

Reglulega eru starfsmannafundir sem haldnir eru eftir lokun skólans og svo starfsdagar. Auk þess, fundar skólaráð og öryggisnefnd þrisvar á skólaárinu. [Hér](#) má nálgast dagatalið á heimasíðu skólans.

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. S	1. S	1. F	1. M	1. M	1. M
2. S	2. S	2. F	2. S	2. S	2. F	2. M	2. M	2. F	2. L	2. S	2. F
3. S	3. M	3. F	3. M	3. M	3. L	3. S	3. S	3. F	3. S	3. F	3. F
4. M	4. F	4. L	4. S	4. F	4. S	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. L
5. S	5. F	5. S	5. M	5. F	5. M	5. F	5. F	5. S	5. S	5. F	5. S
6. M	6. L	6. M	6. F	6. L	6. S	6. F	6. F	6. M	6. M	6. L	6. M
7. F	7. S	7. F	7. F	7. S	7. M	7. L	7. L	7. S	7. F	7. S	7. S
8. F	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M	8. M
9. L	9. S	9. F	9. S	9. F	9. F	9. M	9. M	9. F	9. L	9. S	9. F
10. S	10. M	10. F	10. M	10. M	10. L	10. S	10. S	10. F	10. S	10. M	10. F
11. M	11. F	11. L	11. S	11. F	11. S	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. L
12. M	12. F	12. M	12. F	12. F	12. M	12. F	12. F	12. S	12. S	12. F	12. S
13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. F	13. L	13. L	13. M	13. M	13. L	13. M
14. F	14. S	14. S	14. F	14. S	14. M	14. L	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S
15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M	15. M
16. L	16. S	16. F	16. S	16. F	16. M	16. M	16. F	16. L	16. L	16. S	16. F
17. S	17. M	17. F	17. M	17. M	17. L	17. S	17. S	17. F	17. S	17. M	17. F
18. M	18. F	18. L	18. S	18. F	18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. L
19. S	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. L	19. L	19. M	19. S	19. S	19. F
20. M	20. L	20. M	20. F	20. L	20. S	20. F	20. F	20. M	20. M	20. L	20. M
21. F	21. S	21. F	21. S	21. M	21. L	21. L	21. S	21. F	21. S	21. S	21. S
22. F	22. M	22. M	22. L	22. F	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M	22. M
23. L	23. S	23. F	23. M	23. M	23. F	23. M	23. M	23. F	23. L	23. S	23. F
24. S	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. S	24. S	24. F	24. S	24. F	24. F
25. M	25. F	25. L	25. S	25. F	25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F	25. L
26. S	26. F	26. M	26. F	26. M	26. L	26. S	26. S	26. F	26. S	26. F	26. S
27. M	27. L	27. M	27. F	27. L	27. S	27. F	27. F	27. M	27. M	27. L	27. M
28. F	28. S	28. S	28. F	28. S	28. M	28. L	28. L	28. F	28. F	28. S	28. S
29. F	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. F	29. M	29. M
30. L	30. S	30. F	30. S	30. F	30. M	30. L	30. L	30. F	30. S	30. S	30. F
31. S	31. F	31. M	31. F	31. M	31. L	31. S	31. S	31. F	31. S	31. F	31. F

Helstu dagsetningar eru eftirfarandi:

11.ágúst starfsdagur; skólinn lokaður

29. og 30. desember: Jólaleyfi; skólinn lokaður

2. janúar 2026: Jólaleyfi; skólinn lokaður

5. janúar 2026: Starfsdagur; skólinn lokaður

16. febrúar 2026: Starfsdagur; skólinn lokaður

30. og 31. mars 2026: Dimbilvika; skólinn lokaður

1. apríl 2026: Dimbilvika; skólinn lokaður

Sumarlokun

Skólaráð kom með tillögu um að sumarlokun Álfaborgar yrði 5 vikur samfleitt. Sú umræða hefur verið í loftinu í einhvern tíma og var ákveðið að fara með þessa tillögu fyrir skólanefnd. Eftir miklar umræður var það samþykkt og verður sumarlokun Álfaborgar því frá og með 6 júlí til 7 ágúst 2026. Þetta verður prófað til eins árs og staðan endurmetin haustið 2026.

Mat og úrbætur

Skólapúlsinn

Foreldrar og starfsfólk tóku þátt í skólapúlsinum á skólaári 2023-2024 og fór síðasta skólaár í úrbætur út frá niðurstöðum þeirrar könnunar. Skólapúlsinn er sendur á foreldra annað hvert ár og er því könnun send út á þessu skólaári.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári, 16.-21. febrúar vorið 2026, en foreldrar geta alltaf beðið um samtal ef þurfa þykir.

Starfsmannaviðtöl

Fyrirkomulag starfsmannaviðtala breyttust haustið 2025. Nú verða þau fjórum sinnum á ári, þ.e. tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Áherslur viðtala skiptast í fjóra þætti:

- Starfið og starfsánægjan
- Vinnustaðurinn og samskipti
- Frammistöðu
- Framtíðarsýn.

Auk þessa þátta verður farið yfir fjarveru starfsmanna og fundnar lausnir ef um mörg frávik er að ræða.

Skráningar kennara

Skráning á undirbúningi er nýtt hjá okkur en þar skrá starfsmenn hjá sér hvað var gert, hvað það tók langan tíma og svo vinnur skólastjóri úr þeim upplýsingum til að nýta í innra mat skólans. Einnig verður tekin í notkun skráning á hvað var gert í hópatímum til að kanna hvort við séum að fara eftir námssviðunum skv. Aðalnámsskrá leikskóla. Síðast en ekki síst ákvað skólastjóri að búa til sjálfsmat fyrir starfsfólk sem það tekur tvisvar yfir skólaárið, fyrir áramót og svo um vorið. Þar er starfsfólk hvatt til að vera hreinskilið við sjálft sig svo hægt sé að styrkja þá veikleika sem upp koma ef þeir eru einhverjir. Allar þessar skráningar verða nýttar í innra mat skólans ár hvert. Sjálfsmatið er nafnlaust en hver og einn vinnur í sínum veikleika með aðstoð yfirmanna ef einstaklingurinn vill.

Skimanir á börnum

Teknar eru skimanir á börnum til að fylgjast með þroska þeirra eins og t.d. TRAS, EFI-2, (málþroski) MIO (stærðfræði skimun) og Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund) svo eitthvað sé nefnt.

Allt eru þetta þættir til að meta okkar starf og vinna úr þeim á sem besta hátt sem og að meta hvar börnin eru stödd þroskalega séð og vinna þá úr þeim niðurstöðum eins og hver og einn einstaklingur þarf á að halda.

Innra mat

Á grundvelli laga um leikskóla ber að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og leitast við að fá fram sjónarmið sem flestra í skólasamfélaginu. Gögnin sem innra matið er byggt á þetta skólaárið eru skráningar sem nefndar eru hér ofar, skólapúlsinn og foreldrasamtöl. Áætlun til næstu fjögurra ára má sjá hér að neðan.

Viðfangsefni	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Stjórnun				
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	X	X	X	X
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun og daglegur rekstur	X	x	X	X
Leikskólabróun og símenntun	X	X	X	X
Uppeldis og menntastarf				
Skipulag náms og námssaðstæður		X		X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X		X	
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þáttaka barnanna		X		X
Námssvið leikskólans	X		X	
Leikskóli án aðgreiningar				
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	X		X	
Velferð og líðan barnanna		X		X
Hlutverk leikskólakennara	X	X	X	X
Fagmennska starfsfólks	X	X	X	X
Starfsánægja	X	X	X	X
Sjálfsmat kennara	X	X	X	X
Foreldrasamstarf				
Upplýsingamiðlun	X		X	
Skólapúls	X		X	
Viðhorf foreldra		x		X
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		X		X
Gagnasöfnun og vinnubrögð	X	X	X	X
Áhorf	X		X	
Opinber birting og umbætur	X	X	X	X
Ytra mat				
Mennta og barnamála ráðuneyti tekur út okkar ytra mat	X		X	

Ytra mat

Ytra mat hefur ekki verið gert við leikskólann í mörg ár eða ekki síðan 2011. Nýr leikskólastjóri hefur kannað hverjir sjá um þessi mál þar sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (mms) sér ekki um þetta lengur. Sveitafélagið er með samning við HA miðstöð skólaþróunar og munu þeir taka út matið hjá okkur.

Nefndir og ráð

Skólaráð/foreldraráð

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir

foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Þar sem að Álfaborg er fámennur skóli er hann með undanþágu og starfar því sameiginlegt skólaráð í Álfaborg og Valsárskóla sem sér um hlutverk foreldraráðs. Í skólaráði sitja skólastjórar og foreldrar beggja skólastiga, kennarar, nemendur og fulltrúi úr grenndarsamfélaginu. Skólaráð hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskóla um skóladagatal, starfsáætlun, skólanámskrá o.fl. Fundað er prisvar sinnum á ári. [Hérna](#) er hægt að sjá hverjir sitja í skólaráði.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið fundar eftir þörfum en [hérna](#) er foreldrasíða Álfaborgar og þar er hægt að sjá stjórn foreldrafélagsins, foreldrahandbók o.fl. Formaður foreldrafélagsins er hætt með barnið sitt í leikskólanum og hefur varaformaður því tekið við því hlutverki á nýju skólaári.

Foreldrafundurir eru á haustin til að kynna starf leikskólans og var fundurinn haldin 16. september 2025. Þar var farið yfir úrbætur punkta sem komu úr vinnustofu foreldra vorið 2024. Rannveig Karlsdóttir, sérkennari, kynnti sig og sín verkefni sem framundan eru. Einnig kom Sigríður Ingibjörg og fór aðeins yfir farsæld barna og hvaða vinnu hún sinnir sem iðjupjálfi. Að lokum var foreldrafélagið með tölu þar sem léttilega var farið yfir stöðu reikninga og tilkynnt að formaður félagsins væri hættur og þyrfti þ.a.l. að fá nýja meðlimi inn. Eitt foreldri bauð sig fram og svo að félagið er fullmannað. Á fundinn mættu foreldrar frá 9 börnum en 11 börnum ef starfsmenn eru taldir með.

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar. Í nefndinni sitja þrír aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Starfsmenn nefndarinnar eru skólastjóri Valsárskóla og skólastjóri Álfaborgar. Áheyrnarfulltrúar eru fjórir þ.e. fulltrúi foreldra grunnskólans, fulltrúi foreldrafélags leikskólans, fulltrúi kennara í Valsárskóla og fulltrúi leikskólakennara í Álfaborg. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Í skólanefnd sitja:

Árný Þóra Ágústsdóttir, nefndarmaður

Hanna Sigurjónsdóttir; formaður

Vilhjálmur Rósantsson, nefndarmaður

Starfsmenn nefndarinnar eru:

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir; leikskólastjóri

María Aðalsteinsdóttir; Skólastjóri

Áheyrnafulltrúar eru:

Áheyrnarfulltrúar		foreldra	frá	Álfaborg
Alma		Sigríður		Þórólfsdóttir
Til	vara	Jóhanna		Guðmundsdóttir
Áheyrnarfulltrúar		foreldra	frá	Valsárskóla
Valdís		Anna		Jónsdóttir
Til	vara	Arnar	þór	Björnsson
Áheyrnarfulltrúar		leikskólakennara	frá	Álfaborg
Sigríður				Guðmundsdóttir
Til	vara	Sigurbjörg	Ósk	Jónsdóttir
Áheyrnarfulltrúar		kennara	frá	Valsárskóla
Kennarar		mæta	til	skiptis

Öryggisnefnd

Við Álfaborg og Valsárskóla er starfandi öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum. Deildirnar sjá um að yfirfara skólalóðina á hverjum morgni til að athuga hvort rusl leynist á svæðinu eða skemmdir hafa orðið á lóð eða leiktækjum yfir nóttina. Skráningarblað er á öllum deildum.

- Reglulega gerir opinber aðili úttekt á skólalóðinni og húsnæðinu. Síðast gert síðustu vikuna í ágúst sl. Eftir slíkar úttektir er búin til úrbótaáætlun sem skólastjóri ber ábyrgð á og passar að sé fylgt eftir.
- Slysaskráningar eru gerðar á Karellen og bera deildarstjórar ábyrgð á að þær séu gerðar.
- Rýmingaáætlun er til og eru rýmingaæfingar vegna eldsvoða a.m.k. tvisvar sinnum á ári, fyrst undirbúin og svo óundirbúin sem öryggisnefnd ber ábyrgð á. Til er áætlun ef um jarðskjálfta er að ræða og eru þessi skjöl aðgengileg í svo til gerðum „vösum“ á hverri deild.

[Hér](#) má skoða vefsíðu öryggisnefndarinnar.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf við Valsárskóla

Í leikskólanum eru „Krummar“ hópur þeirra barna sem er á seinasta ári í leikskólanum og er samstarf við Valsárskóla um heimsóknir barnanna þangað.

Á miðvikudögum verða samstarfsdagar við fyrsta og annan bekk. Þetta verður þrískipt í ár, s.s. rúllar á þrem vikum. Vika 1 þá er útiskóli þar sem allir Krummar fara með 1 og 2 bekk í skemmtilegheit eins og að skoða nærumhverfið, farið yfir öryggisreglur, hvar við erum örugg og hvar hættur leynast. Ýmis verkefni eru unnin upp í skógarreitnum, niðri við fjöru, við skólabyggingar eða hvar sem. Vika 2 þá er Krummum tvískipt og fer fyrri helmingurinn í Valsárskóla og seinni hópurinn fer þá í viku 3. Starfið er þá í viku 2 og 3 þannig að Krummar fara í tíma með 1 og 2 bekk, frímínútur og svo annan tíma. Krummar munu ekki borða hádegismat með 1. og 2. bekk sökum þess að matsalurinn er yfirfullur af nemendum. Það verður hins vegar endurskoðað eftir áramót hvort hægt sé að koma því við, sem og að skoða hvort hægt sé að bæta íþróttum inn í samstarfið. Nemendur Álfaborgar hafa aðgang að íþróttasal Valsárskóla einu sinni til tvisvar í viku og er sá tími nýttur í allskonar æfingar og leiki.

Tilgangurinn með þessum degi er að börnin kynnist umhverfi skólans, starfsfólki hans, nemendum og öðlist öryggi fyrir komandi skólaár í grunnskóla haustið 2026.

Samstarf við fræðsluvið, velferðarsvið og aðra stoðþjónustu

Samstarf við fræðsluvið Akureyrarbæjar felst m.a. í eftirlits- og ráðgjafarhlutverki starfsfólks sviðsins gagnvart skólanum. Þegar þarf að leita aðstoðar utan skólans vegna þarfa einstakra barna eða fjölskyldna er leitað til ráðgjafa fræðsluviðs, velferðarsviðs og/eða barnaverndar. Slíkt samstarf er í samvinnu foreldra, skóla og ráðgjafa. Við munum halda áfram að nýta þjónustu Írisar Hrannar Kristinsdóttur, sérfræðingur í leikskólafræðum og Gunnars Gísalsonar, formaður miðstöðvar skólaróunar. Þau hafa gert mikið fyrir okkur og munum við nýta þeirra þjónustu áfram.

Slökkvilið

Slökkviliðið kemur árlega með fræðslu fyrir Krummana, elsta árganginn, sem er kölluð Logi og Glóð og eftir þá fræðslu sinna börnin eftirliti í leikskólanum á ýmsum öryggispáttum. Á vorin fer elsti árgangurinn svo í heimsókn á slökkvistöðina. Þar er glens og gaman og allir í pollafötum og enda daginn hjá þeim á að fá grillaðar pylsur.

Í ár kveðja Logi og Glóð og Björn brunabangsi kemur í þeirra stað. Hann verður kynntur Krummum 3. október 2025 í leikskólanum.

Lögregla

Lögreglan kemur í heimsókn á vorin í kringum fyrsta hjóladaginn og spjallar við börnin um umferðareglurnar, umferða ljósin, gangstéttar, tilgang hjálma og fleira. Börnin spyrja spurninga og fræðast um öll mál lögreglunnar. Að lokum kíkir lögreglan á hjól barnanna og kannar hvort að allir hafi hjálm og börnin fá löggú límmiða sem þau gjarnan setja á hjólin sín. Alltaf góður og skemmtilegur dagur.

Tónlistarskólinn Akureyri

Tónlistarkennari mun koma einu sinni í viku og kynna fyrir börnum Álfaborgar hljóðfæri og söngva. Allir nemendur skólans fá ca 15 mín kennslu einu sinni í viku.

Símenntun og starfsþróun

Við munum halda áfram að vinna í okkur sjálfum og efla okkar starfsfólk um hvert hlutverk okkar sé sem:

Leikskólastjóri

- Stýra starfsemi skólans
- Ber ábyrgð á faglegri hlið skólastarfsins
- Hafa frumkvæði að því að leita lausna á verkefnum
- Stuðla að jákvæðum samskiptum
- Sér um innra mat
- Ber ábyrgð á stefnumörkum skólans
- Starfsáætlun
- Ársskýrsla
- Námskrá
- Handbók starfsmanna

Deildarstjóri

- Skipuleggja aðlögun, foreldraviðtöl
- Dagleg samskipti og upplýsingagjöf við starfsfólk og foreldra
- Situr og tekur foreldraviðtöl
- Stýra deildarfundum
- Situr stjórnendafundi
- Skipuleggja allt starf deildarinnar

- Undirbúning
- Kaffitíma
- Dagleg verkstjórn

Hópstjórar, kennarar og leiðbeinendur

- Sjá um og skipuleggja hópastarf
- Sinna þeim verkefnum sem deildarstjóri felur þeim
- Er með ábyrgð á öllum börnum deildarinnar
- Tekur þátt í því starfi sem fer fram inn á deild
- Tryggja öryggi barnanna
- Efla alhliða þroska barnanna
- Leiðbeina á uppbyggilegan hátt
- Vera til staðar
- Hrósa fyrir vel unnið verk
- Lesa í aðstæður
- Sýna frumkvæði
- Fylgja skipulagi og vera á réttum stað

Námskeið sem tekin verða á skólaárinu

- Samheldni
- Samvinnu
- Jákvæðni í starfi
- Áframhaldandi samstarf við Akureyrarbæ, Íris og Gunnar
 - i. Sasmkiptasáttmála
 - ii. Mitt hlutverk/pitt hlutverk

Hópefli þar sem einblítt verður á

- Gleði
- Jákvæðni
- Hafa gaman saman utan vinnu

Helstu verkefni 2025-2026

- Námskeið og fyrirlestrar tengt vinnu okkar
- Skoða dagskipulag og breyta eftir þörfum
- Vinna áfram í okkur sjálfum og hlutverki okkar

- Bæta skólanámskrána okkar
- Bæta sérkennslu og skipulag hennar
- Auka ábyrgð deildarstjóra, mitt hlutverk/pitt hlutverk
- Jákvæðni, hrós og gleði, vinna með það alla dag
- Breytt deildar skipulag
 - Vinna með þrjár deildir og þróa þær sem sjálfbærar deildir
- Finna lausnir á jákvæðan hátt
- Leikskólastjóri setur inn heilræði, styrkleika setningar og hversdags hvatningu inná Teams síðuna okkar

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir
Leikskólastjóri

Svalbarðseyri október 2025